



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Lena Cronqvist vinnur „út frá forsendum sígldrar málarahéðar, en endurnýjar jafnframt myndmál hennar. Sjaldgæfir hæfileikar hennar hafa aflað henni meiri vinsælda meðal almennings en gengur og gerist meðal nútímalistamanna,“ segir í umsögn dómnefndar.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

„Í höndum Tal R verður striginn vettvangur fyrir hömlulausa listræna frásagnargleði, en á það leggur hann sjálfur sérstaka áherslu með því að skilja eftir eyður efst og neðst á striganum þar sem við sjáum ummerki málningarvinnunnar,“ segir m.a. í umsögn dómnefndar.

ÓENDANLEGIR MÖGULEIKAR TÚLKUNAR

Fjórir myndlistarmenn hlutu verðlaun í Carnegie Art Award árið 2002 og er gerð grein fyrir verðlaunahöfunum hér að neðan. Þrír listamannanna, þau Lena Cronqvist, Tal R og David Svensson, voru viðstödd setningu Carnegie-sýningarinnar í Hafnarhúsinu í gær og gáfu þau sér tíma til að spjalla um verk sín.

DANSKI myndlistarmaðurinn Troels Wörsel hlýtur fyrstu verðlaun í Carnegie-myndlistarsamkeppninni árið 2002. Hann er fæddur í Árósum árið 1950, en býr nú í Pietrasanta á Ítalíu. Hann er sjálfmenntaður sem listamaður, og flutti á miðjum níunda áratugnum til München og tók þar þátt í myndlistarlistinu, sem þá var með alþjóðlegu sniði. Troels Wörsel hefur sýnt verk sín í listhúsum og söfnum víða í Evrópu, oftast nær í Danmörku, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Verk hans er að finna í virtum dönskum, þýskum og bandarískum söfnum. „Í tímans rás hefur Wörsel vitnað jafnt í „hámenningu“ sem „lágmenningu“ í verkum sínum, en þau eru iðulega tvíráð og uppfull af orðum, hlutum og bútum úr nánasta umhverfi hans sjálfs, auk þess sem hann vitnar iðulega í önnur verk. Hann málar verk sín hratt til að missa ekki samband við þau, en engu að síður er fyllstu nákvæmni gætt. Málverkið opnar mönnum óendanlega möguleika túlkunar, og þá möguleika vinnur Wörsel með á meðvitaðan hátt,“ segir Ulrika Levén, sýningarstjóri Carnegie Art Award, um verk Troels Wörsel.

Málverk um reynslu

Lena Cronqvist hlýtur önnur verðlaun í Carnegie-myndlistarsamkeppninni í ár. Hún fæddist árið 1938 og býr nú í Stokkhólmi og New York. Á árunum 1958–59 stundaði hún nám við Konstfack í Stokkhólmi og síðan við Listaakademíuna í Stokkhólmi. Frá árinu 1997 hefur Lena Cronqvist verið meðlimur í Konunglegu listaakademíunni. Hún málar, teiknar og mótar skúlptúra. Verk hennar hafa ætíð verið með sjálfsævisögulegu sniði, og með áberandi sálfræðilegu inntaki. Í þeim fjallar hún um tilvistarvandann, eigin reynslu, tengsl sín við þá sem standa henni næst. Viðfangsefnið er afar persónubundið, en hefur um leið sterka skírskotun til hins sammanlega. Málverkin fjögur sem er að finna á Carnegie-sýningunni segir hún fjalla um ákaflega persónulegt og erfitt tímabil í sínu lífi.

Málverkin eru sjálfmyndir, þar sem Cronqvist birtir okkur harm sinn í kjölfar andláts eiginmanns síns, rithöfundarins Göran Tunström. Hún segist ekki geta haft frekari orð um þá reynslu sem hún reynir að tjá í málverkinu. „Þetta hefur verið erfiður tími og veit ég í raun ekki hvað mun taka við. Ég hef leitað mikið í barnæsku mína á þessum tíma, en til þess að geta málað þessar myndir varð ég að komast burt frá Stokkhólmi. Þannig eru þessi verk unnin í New-York þar sem við dvöldumst gjarnan. Í myndunum reyni ég að tjá ekki aðeins mína sorg heldur þann tómléika sem mikill rithöfundur eða listamaður skilur eftir sig þegar hann fellur frá,“ segir Lena Cronqvist.

Hvert málverk er heimur út af fyrir sig


Tal R. er fæddur 1967 í Tel Aviv í Ísrael, en er búsettur í Kaupmannahöfn. Á árunum 1986–88 var hann við nám við Billedskolen í Kaupmannahöfn og á árunum 1994–2000 við Konunglegu listaakademíuna í Kaupmannahöfn. Árið 2000 var hann gestaprófessor við Listaakademíuna í Helsinki. Við upphaf tíunda áratugarins hóf Tal að sýna verk sín með reglulegum hætti, aðallega í Kaupmannahöfn, en á síðustu fimm árum hafa verk hans einnig verið sýnd á Louisiana-safninu í Humlebæk, í Aarhus Konstmuseum í Árósum, í DCA í New York, Contemporary Fine Arts í Berlin, og Victoria Miro Gallery í Lundúnum. Árið 1998 hlaut Tal R myndlistarverðlaun listasafnsins í Horsens og árið 1999 hlaut hann Gauguin-myndlistarverðlaunin í Kaupmannahöfn. Tal R tók þátt í Carnegie-sýningunum 1998 og 1999, en í síðara skiptið hlaut hann myndlistarstyrkinn sem veittur er listamanni af yngri kynslóð.

Verk Tal R. endurspeglar hversdagslegar aðstæður málverksins í dag. Áhrifa úr daglegu lífi hans gætir í tjáningarríkum málverkum hans, þar sem frásagnir skipta miklu máli. „Í byggingu verkanna bý ég fyrst til ákveðinn botn og byggji síðan ofan á þann grunn. Þannig er búinn til ákveðinn raunheimur þar sem ákveðin saga á sér stað, saga sem verður bara til og gengur upp í ákkúrat þessari mynd. Ég



Morgunblaðið/Árni Sæberg

„Aft nákvæmni og ljóðrænu innsæi fjallar listamaðurinn um meint skil milli myndlistar og hönnunar. Samt eru myndir hans annað og meira en þurlegar athuganir, heldur fjórlegt málverk í þremur víddum,“ segir Carnegie-dómnefndin um verk David Svensson.



„Troels Wörsel hlýtur Carnegie-myndlistarverðlaunin fyrir röð málverka sem eru liður í linnulausri viðleitni hans til að yfirstiga viðteknar hugmyndir um stílbrigði og verklag í málralist... Verkin, sem máluð eru á ógrunnaða bakhlíð strigans, verða að sérstökum upplýsingamiðli – og vettvangi fyrir umræðu um – myndlistaruppákomu sem listamaðurinn nefnir 'the flow of paint in the flow of painting',“ segir í umsögn Carnegie-dómnefndarinnar.

gæti þess þó að skilja eftir dálitla rönd efst á málverkinu þar sem skín í strigann. Þannig er áhorfandinn minntur á að málverkið er tilbúinn heimur,“ segir Tal.

Málverkin á sýningunni virðast allt að því bernsk og fantasísk og segir Tal það tengjast því hvernig hann málar myndirnar. „Ég segi sögur í málverkum mínum, og hvert verk er eins og afmarkaður heimur. Þó svo að sögunnar í verkunum eigi sér upptök í raunheiminum, á sér stað ákveðin myndhverfing, eitt-hvað gerist þegar ég er búinn að búa til jörðina, eða grunninn í myndunum. Þá verður til einhvers konar gata sem ég þarf að leysa og er hvert verk eins og þraut sem ég hef náð að leysa,“ segir Tal R.

David Svensson hlýtur Carnegie-styrkinn sem veittur er ungum myndlistarmönnum ár hvert. Hann er fæddur 1973 í Skillingaryd í Svíþjóð en er búsettur í Málmei. Hann stundaði nám við HDK, grafíska hönnunarskólann í Gautaborg, og framhaldsnám við Listaakademíu ríkisins í Ósló. Hann stundaði einnig nám við Konunglega listmenntaskólann í Stokkhólmi og við Listmenntaskólann í Málmei. Árið 2001 hlaut hann bæði menningarverðlaun Málmejarborgar og verkefnastyrk úr Menningarsjóði sænskra myndlistarmanna.

David Svensson hefur um nokkurt skeið grennslast fyrir um mörkin milli myndlistar og hönnunar. Hann notar litrófið á áhugaverðan hátt í verkum þar sem þetta tvennt skarast. Í einu verkanna á sýningunni, Veggskerminum, fléttar Svensson net úr hreinum akrýllitræmum. Verkið er þannig mjög bókfleglegt málverk um leið og gæti einnig skilið sem eins konar skilríkum í opnu rými. Sjálfur segist Svensson skilgreina sig sem málara, þó svo að hann vísi í hönnun og arkitektúr í verkum sínum. „Ég hef áhuga á að kanna þann þol málverksins, og er misjafnt hvernig titið er á verk mín fyrir vikið. Skynjun og þátttaka áhorfandans er mikilvægur þáttur í verkunum,

og reikna ég afstöðu hans iðulega inn í verkið.“ Í myndinni Augu einblína tvö hringlaga og kúpt málverk á áhorfandann, sem getur séð endurspeglun sína og rýmisins í háglansandi litnum. Málverk sem nefnist Illuminator er jafnvel enn nýstárlegra. Þar er skærraðum lampa komið fyrir í miðju lítils herbergis, og málar lampinn umhverfið því rauðum lit og hefur þau áhrif á sjón áhorfandans að hann skynjar umhverfið utan herbergisins í grænu ljósi. „Mér finnst heillandi hvernig birtan af lampanum málar umhverfið. Ég vinn talsvert með áhrif birtu á verk og umhverfi, og reyni að draga það fram að birtan í kringum okkur er ekki hlutlaus eins og við hneigjumst til að skynja hana.“